



Langanesbyggð

29. fundur Umhverfis,-skipulags- og bygginganefndar.

Haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar 25. júní 2009 kl. 12:00.

Mættir eru: Vífill Þorfinnsson, Sigurður J.Jónsson, Steinn Karlsson, Axel Gunnarsson, Konráð Jóhannsson og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Fyrir fund var farið yfir ósk tveggja fundarmanna að hafa þennan fund sem símafund því var hafnað á þeim forsendum að verið var að fara yfir teikningu sem þeir hafa ekki séð.

1. Samantekt um aðgengismál frá SAust um aðgengi fyrir fatlaða.
 - *Lagt fram til kynningar, en í skýrslunni er talað um hvað má betur fara til að laga afstöðu fatlaða.*
2. Samantekt frá Þorkeli Björnssyni heilbrigðisfulltrúa um umhverfisskoðun á Þórshöfn og Bakkafirði.
 - *En í skýrslunni er tekið saman hvað má betur fara í umgengni fyrirtækja í Langanesbyggð, sveitarstjóra falið að hafa samband við þá eigendur sem um ræðir.*
3. Niðurstaða skoðunarkannana vegna staðsetningar kirkjugarðs á Þórshöfn.
 - *Alls kusu 43 í þessari könnun.
28 vildu kirkjugarðinn austan við Þórshafnarkirkju.
15 vildu kirkjugarðinn að Sauðanesi (stækka núverandi garð).*
4. Umsókn um endurbætur og viðbyggingu við Fjarðarveg 12, Þórshöfn.
 - *Nefndin samþykkir þessar breytingar og vísar þessu til byggingarfulltrúa. Jafnframt er veitt leyfi að rífa 20m² skúr sem er við húsið.*

Fundargerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl.13:15.